

Verkefni er tengjast forvarnarmálum með áherslu á líðan og heilsu síðastliðið skólaár

Forvarnarnarnefnd gerði samning við Kvan um námskeiðið „**Verkfærakistan**“ Námskeiðið var í boði fyrir alla námsráðgjafa og deildarstjóra í grunnskólum í Garðabæ. Námskeiðið er fyrir fagfólk sem vinnur með börn og unglinga. Áhersla er m.a. lögð á notkun aðferða og verkfæra sem stuðla að betri líðan, jákvæðum samskiptum, góðri samvinnu, félagsfærni og hópefli. Mikil ánægja var með námskeiðið og hefur eineltisteymi bæjarins óskað eftir að slíku námskeiði fyrir alla kennara bæjarins.

Forvarnarvika í leik- og grunnskólum Garðabæjar. Þetta er annað árið sem vikan er haldin, í fyrra voru eingöngu grunnskólar en í ár voru leikskólarnir einnig með. Í forvarnarvikunni var m.a. boðið upp á fræðslu fyrir nemendahópa, foreldra og stafsfolk. Sjónum var beint að snjalltækja notkun foreldra og barna, svefni og líðan.

Seglar á öll heimili. Í framhaldi af forvarnarviku lét forvarnarnefnd útbúa segla með upplýsingum um hæfilegan skjátíma fyrir börn og ungmenni.

Dale Carnegie námskeið fyrir unglinga var með sama sniði og áður en fyrir áramót í þetta sinn.

Snillinganámskeið skóladeild stóð fyrir tveimur Snillinganámskeiðum sem eru námskeið fyrir börn með ADHD. Námskeiðið er fyrir börn á aldrinum 9-12 ára og eru 6-8 börn í hverjum hóp. Áhersla er lögð á að auka færni barna í félagslegum samskiptum, skapstillingu og sjálfsstjórn.

Þrjár nefndir sameinuðust um að fá **Hjólakraft** til að halda námskeiði einum þriggja unglingaskóla bæjarins. Hjólakraftur heldur námskeið fyrir börn og unglinga með það að markmiði að efla þátttakendur frá vanvirkni til virkni, þeim sjálfum og því samfélagi sem þeir koma úr til heilla.

Fræðslufyrirlestrar fyrir foreldra um **líðan og forvarnir** í samvinnu við **Grunnstöð**

Í öllum skólum var boðið upp á styttri námskeið og fræðslufyrirlestra í tengslum við ýmis forvarnarmál bæði til handa starfsfólki og börnum.

Þá eru ótalin fjölmörg verkefni á þessu sviði sem fengið hafa styrki úr þróunarsjóðum leik- og grunnskóla og hafa verið unnin ýmist innan einstakra stofnana eða sem samvinnuverkefni þeirra á milli.